

Alþingi  
Nefndasvið  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar

Reykjavík, 30. september 2024

## Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025, 2. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025 og þakkar fyrir að fá tækifæri til þess.

Í umsögninni verður fjallað um þær breytingar sem BSRB gerir athugasemdir við. Það eru atriði sem varða samspil greiðslna lífeyrissjóða og almannatrygginga, framlög úr ríkissjóði til jöfnunar örorkubyrði, vaxtabætur, barnabætur og atvinnuleysistryggingar fiskvinnslufólks.

### Breytingar sem snerta réttindi launafólks í lífeyrissjóðum

BSRB leggst alfarið gegn 22. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að framlag til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2024 verði lækkað úr 0,325% í 0,107% af gjaldstofni tryggingargjalds og að reiknireglu verði breytt. Þá er lagt til að framlagið falli alfarið niður frá og með árinu 2026. Verði breytingin samþykkt mun hún draga úr getu lífeyrissjóðanna til að greiða lífeyri. Ekki var haft samráð við BSRB varðandi þessa breytingu þrátt fyrir að miklar líkur séu á að hún muni hafa áhrif til skerðingar á lífeyrisréttindum sjóðsfélaga sem eru eða hafa verið í aðildarfélögum bandalagsins. BSRB hafnar því að nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga verði að hluta til fjármagnað með skerðingu réttinda sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum og krefst þessa að þessi breyting á ákvæði til bráðabirgða III í lögum um tryggingagjald verði ekki samþykkt en ákvæðið framlengt óbreytt miðað við núgildandi lög út árið 2025.

Í köflum VI. – VIII. í frumvarpinu er m.a. verið að framlengja bráðabirgðaákvæði í lögum um almannatryggingar, félagslega aðstoð og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða til 31. ágúst 2025. Bráðabirgðaákvæðunum, sem fyrst komu inn í lögin árið 2011, er ætlað að koma í veg fyrir víxlverkandi skerðingar hjá örorkulífeyrisþegum sem eiga örorkulífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum. Nú er lagt til að ákvæðin haldi aðeins gildi sínu fram til þess tíma sem nýtt örorkulífeyriskerfi almannatrygginga tekur gildi. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvað taki við þá. Ekki var hugað að áhrifum víxlverkana við breytingar á lögum um örorkulífeyri almannatrygginga og nú virðist löggjafinn ætla að gefast upp fyrir verkefninu og láta víxlverkanir hefjast að nýju haustið 2025. BSRB leggur áherslu á að tíminn fram að því verði notaður til að rýna samspil kerfanna til að finna varanlega lausn.

### Vaxtabætur og barnabætur

Í frumvarpinu er lagt til að bráðabirgðaákvæði um vaxtabætur verði framlengt óbreytt. Það mun hafa í för með sér að hámarksfjárhæð vaxtabóta og hámark vaxtagjalda til útreikings bóta munu haldast óbreytt sjöunda árið í röð eða frá álagningarárinu 2019. Skerðingarmörk vegna eigna munu einnig haldast óbreytt þriðja árið í röð þrátt fyrir að t.d. vísitala íbúðaverðs hafi hækkað

um 30% á tímabilinu frá janúar 2022 til ágúst 2024. BSRB leggur til að fjárhæðir vaxtabóta og hámark vaxtagjalda til útreikings bótanna verði hækkuð í samhengi við hækkun vaxtagjalda heimilanna vegna húsnæðislána og að eignamörk kerfisins verði hækkuð til samræmis við hækkun húsnæðisverðs á undangengnum árum. Fram kemur í greinagerð með frumvarpinu að útgjöld ríkissjóðs vegna vaxtabóta á árinu 2025 verði 2,1 ma.kr. en BSRB telur það mikið ofmat því útgjöld vegna bótanna voru rétt rúmir 2 ma.kr. árið 2023 og með óbreyttum forsendum eins og lagðar eru til í frumvarpinu þá munu útgjöld vegna vaxtabóta verða langt innan við 2 ma.kr. á árinu 2025 ef skerðingarmörk vegna eigna verða óbreytt.

Í 26. grein frumvarpsins eru lagðar til breytingar á barnabótakerfinu í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna kjarasamninga í mars 2024. Stefna BSRB er að barnabætur byrji ekki að skerðast fyrr en við meðaltekjur. BSRB fagnar því þessum breytingum og telur þær mikilvægt fyrsta skref í átt að því að tryggja viðunandi stuðning við barnafjölskyldur. Hins vegar gerir bandalagið athugasemdir við að breytingin sé gerð með bráðabirgðaákvæði. Skilningur heildarsamtaka launafólks var sá að um varanlega breytingu væri að ræða enda kom aldrei annað til tals. BSRB leggur því til að þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu verði gerðar á 4. mgr. A-liðar 68. gr. laga nr. 90/2003 en ekki með breytingum á bráðabirgðaákvæði.

#### **Breyting sem skerðir vinnumarkaðstengd réttindi launafólks**

Í 43. gr. frumvarpsins er lagt til að lög um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks verði felld brott. BSRB leggst alfarið gegn þessari breytingu enda var ekki haft samráð við ASÍ um þessa breytingu en fiskverkafólk er í aðildarfélögum sambandsins. Það er fráleitt að skerða vinnumarkaðstengd réttindi launafólks með einhliða ákvörðun stjórnvalda.

BSRS gerir ekki fleiri athugasemdir við frumvarpið.

Fyrir hönd BSRB



Sigríður Ingibjörg Ingadóttir  
hagfræðingur